

Nd.

114. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Árin 1932 og 1933 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Alislenzkt félag, Drekkinn, hefir fengið sérleyfi til hvalveiða í 10 ár, samkv. lögum um hvalveiðar frá 1928. Vegna fjárskorts hefir félagið ennþá ekki getað hafið atvinnurekstur, en nú er útlit fyrir, að með samvinnu við norskt hvalveiðafélag verði unnt að hefjast handa á næstkomandi vori. Skilyrði fyrir því er þó, að nota megi útlend skip til veiðanna. Ef þessi tilraun heppnast, er hugsunin, að skipin verði keypt og flutt inn í landið.

Þar sem hér er um byrjandi atvinnuveg að ræða, sem hugsanlegt er, að með tímanum geti veitt fé inn í landið, sýnist einsætt að stuðla að framgangi þessa fyrirtækis, enda sýnist með öllu áhættulaust að veita undanþágu þá, sem hér er farið fram á.

Nanar í framsögu.